

Leikskólinn Smábær í Hrísey
Námskrá
Námssvið leikskóla

Theodóra Kristjánsdóttir
Deildarstjóri Smábæ
Júní 2024

[Aðalnámskrá leikskóla](#), [lög um leikskóla](#), [Menntastefna Íslands](#) og [Menntastefna Akureyrarbæjar](#) eru rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Þessi námskrá er útfærsla skólans á þeim og sýnir hvernig skólinn leggur fram helstu leiðir, markmið og mat í starfi sínu. Námskráin er leiðarvísir fyrir starfsfólk sem útfærir skólastarfið hverju sinni eftir samsetningu nemenda- og starfsmannahóps.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla

- fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- veita skipulega málörvun og stuðla að góðri færni í íslensku,
- hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Grunnþættir og námssvið leikskóla

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út í maí 2011, er yfirlýst menntastefna byggð á eftirfarandi **grunnþáttum**:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun

Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið.

Námssvið leikskólans samkvæmt Aðalnámskrá leikskólans frá maí 2011 eru eftirfarandi:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Námssviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans og byggjast á grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum.

Læsi og samskipti yngri

Í leikskólanum ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum, endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi, tjá sig með fjölbreyttum hætti og ólíkum efnivið, kynnast tungumálinu og möguleikum þess, njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri, þróa læsi í víðum skilningi, öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu, deila skoðunum sínum og hugmyndum, nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar, velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða. *Sjá nánar í aðalnámskrá leikskóla.*

Leikur	Líkamleg umhirða	Útivera og vettvangsferðir	Samverustundir og hópastarf	Matartími	Svefn og hvíld
<ul style="list-style-type: none"> ★ Aðgangur að bókum og texta er aðgengilegur börnunum. ★ Nöfn barnanna eru á stólum, hólfulum og snögum ásamt merkingu sem er mynd af dýri. ★ Stafrófið og ýmis form hanga á veggjum. ★ Orð eru sett á athafnir og hugtök æfð í leiknum. ★ Stuðlað er að jákvæðum samskiptum við önnur börn og fullorðna. ★ Sjá til þess að börnin fái nægan tíma fyrir sjálfsprottinn leik. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Starfsmenn tala við börnin við bleyjuskipti og aðra líkamlega umhirðu. ★ Setja orð á líkamshluta og allar athafnir, tala sig í gegnum verkin. ★ Handabað og fótabað, tala um mikilvægi þess að hugsa vel um líkama sinn. ★ Slökun, njóta þess að slaka á (dýna, teppi, mild ljós, saga) 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Orð eru sett á athafnir. ★ Rætt er um veðrið, klæðnað og ýmis hugtök tengd umhverfinu. ★ Byggt er á jákvæðum samskiptum og samvinnu í fataklefa. ★ Ýtt undir að börnin klæði sig sjálf í útifötin en allir sem þurfa fá aðstoð. ★ Virkja umhverfisvitund barnanna með gönguferðum og segja frá því sem fyrir augu ber og svara spurningum þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Vinna saman að verkefnum sem hvetja til samskipta. ★ Þau hlusta á sögur, rím, þulur og syngja með eftir getu. ★ Unnið er með hlustun og börnin fara eftir munnlegum fyrirmælum. ★ Efniviður er varðar læsi er sýnilegur og aðgengilegur börnunum, bækur í rekka og heimsóknir á bókasafnið. ★ Lubbi finnur málbein.. ★ Unnið með svampstafi og hljóð þeirra sögð. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Í Matartímanum gefst tími til samræðna um matinn og almenn viðfangsefni. ★ Orð eru sett á athafnir og amboð. ★ Umræður um umgengni, matarsóun og hvað getum við búið til sjálf. Það er ekki nauðsynlegt að kaupa allan mat. ★ Við ræktum sjálf hluta þess grænmetis sem við notum ásamt kartöflum. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hlusta á rólega tónlist, eða sögur. ★ Börnin fara í slökun að minnsta kosti einu sinni í mánuði. ★ Yngri börnin ýmist sofa úti í vagni eða inni í hvíldarrými.

Sjálfbærni og vísindi yngri

Í leikskóla á að skapa aðstæður svo að börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir:

Umgengni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi, hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun, hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni, nýtingu náttúrunnar, upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga, stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum, lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra, eðli ýmissa krafta og birtingamyndum þeirra í umhverfinu, eiginleikum ýmissa efna og hluta, rými, fjarlægðum og áttum. *Sjá nánar í aðalnámskrá leikskóla.*

Leikur	Líkamleg umhirða	Útivera og vettvangsferðir	Samverustundir og hópastarf	Matartími	Svefn og hvíld
<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hafa aðgang að náttúrulegu leikefni. ★ Unnið er með talningu, flokkun og greiningu forma. ★ Form eru sýnileg í umhverfinu og kubbar eru hluti af leikefninu. ★ Lífsleikni í leikskóla (æfa góð samskipti og mikilvægi þeirra) ★ Börnin gera einfaldar tilraunir. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin þvo sér eftir getu eftir útiveru og fyrir máltíðir. Börnin þvo andlit sitt eftir máltíðir. ★ Fingur og tær taldar eða annað í umhverfinu sem börnin veita eftirtekt. ★ Lögð áhersla á líkamsvirðingu. ★ Börnin njóta slökunar og fá nudd. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Að fara í vettvangsferðir á öllum árstímum og nota mismunandi veður til gönguferða. ★ Athygli er vakin á umhverfinu, t.d. dýrum og plöntum í náttúrunni, fjöllum, sjónum og því sem lifir. Horfa og hlusta á sjóinn. ★ Börnin fara daglega í útiveru í flestum veðrum. ★ Vakinn er athygli á formum, mismunandi lögun og fjölda í umhverfinu. ★ Að virkja börnin til að snerta, sjá, lykta og hlusta á fyrirbæri sem þau mæta og upplifa í vettvangsferðum. ★ Skoða og ræða um plöntur, skordýr, villt dýr og húsdýr. ★ Kenna börnum að tína rusl og flokka. ★ Afla efniviðar í vettvangsferðum sem er svo nýttur í t.d. myndsköpun. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Vinna með fjölbreyttan, náttúrulegan efnivið, tól og tæki. ★ Áhersla á endurvinnslu og sjálfbærni. ★ Þrautaleikir þar sem reynir á samvinnu og rökhugsun. ★ Skoða bækur sem fjalla um dýr, veðurfar, gróður og skynfæri okkar. ★ Syngja ýmis lög um dýr, plöntur og náttúruna. ★ Börnin teikna/mála/ vinna myndir úr vettvangsferðum (myndsköpun). ★ Rifja upp og ræða við þau um það sem gert var og hvað þau upplifðu í vettvangsferðunum. Hvað var áhugaverðast, var eitthvað öðruvísi en þið hélduð? (þannig þróast skilningur). ★ Standa upp og segja frá því sem var gert, hinir hlusta á meðan. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Rætt um hvaðan maturinn kemur og hvað hann gerir fyrir okkur. ★ Borða utandyra þegar tækifæri gefst til. ★ Parað er saman eitt barn – eitt glas og þar fram eftir götunum. ★ Hvernig verður maturinn okkar til? ★ Fara vel með mat og helst ekki að henda ekki mat. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hlusta á umhverfishljóð, náttúruhljóð eða rólega tónlist. ★ Saga lesin eða hlustað á slökunartónlist. ★ Stundum er hlustað á þögnina.

Heilbrigði og vellíðan yngri

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér:

Heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á umhyggju, persónulega umhirðu, holla næringu, fjölbreytta hreyfingu, ögrandi og krefjandi útivist, slökun og hvíld, tilfinningalegt jafnvægi, jákvæð samskipti, félagsleg tengsl. Upplifi öryggi í umhverfinu og treysti því að þörfum þeirra sé mætt. *Sjá nánar í aðalnámskrá leikskóla.*

Leikur	Líkamleg umhirða	Útivera og vettvangsferðir	Samverustundir og hópastarf	Matartími	Svefn og hvíld
<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin upplifa öryggi og vita að þau eiga vísa aðstoð í leikskólanum. ★ Þau hafa aðgang að krefjandi hreyfivæðum úti og inni. ★ Farið er í leiki bæði frjálsta og skipulagða þar sem reynir á líkamann og samskipti. ★ Farið í Íþróttahús að minnsta kosti tvisvar í mánuði. Elstu börnin hafa farið í sund í þrjú skipti að vori. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin fá ráðrúm til sjálfshjálpar, t.d. að klæða sig sjálf og þvo sér. ★ Hirða og hugsa vel um hendur og fætur með því að fara í handabað og fótabað. ★ Njóta þess að fá nudd og læra að nudda hvert annað. ★ Umræður um líkama okkar. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin fá tækifæri til að spreyta sig í sjálfshjálpar fyrir og eftir útivist. ★ Þau hafa tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi og aðgengi að leikefni á útisvæði er fjölbreytt. ★ Fjöruferðir og umræður um lífríkið í fjörunni. ★ Börnin fara í berjamó, tína ber handa sér og hinum börnunum og það er svo fléttað inn í umræður um mat. ★ Börnin aðstoða við að sá, grisja og setja niður grænsmæti og kartöflur. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin taka þátt í hreyfileikjum, dansi og hringleikjum þar sem reynir á líkamann. ★ Börnin koma sér fyrir í þægilegri stellingu og slaka á í upphafi samverustunda. ★ Unnið er með hópverkefni þar sem reynir á fínhyringar. Dæmi; Fingraleikir. ★ Handarbrúður koma í heimsókn og þær ræða við okkur um hreyfingu og holla lífnaðarhætti. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin nota hnífapör og hvatt er til sjálfshjálpar eins og þroski og geta gefa tækifæri til. ★ Börnin fá góðan tíma til að matast í rólegu umhverfi. ★ Áhersla er á góða borðsiði og notkun hnífapara. Fer þó eftir aldri. ★ Börnin borða sjálf og að lokinni máltíð ná þau í klúta til að þurrka munn og hendur. Þau skiptast á að vera "klútaskjórar". 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Hvíldartíminn er róleg og notaleg stund þar sem börnin ná að hvílast og finna að þau eru örugg. ★ Mikilvægi svefns og áhrif hans á líkamann rædd. ★ Einu sinni í viku er tekið utan af dýnum og koddum og það þvegið ásamt teppunum. ★ Áhersla lögð á það að börnin njóti þess að leggjast södd á dýnuna, finna koddann og finna hlýjuna þegar þau breiða yfir sig teppið. ★ Njóta í núvitund.

Sköpun og menning yngri

Í leikskóla eiga börnin að fá rými til að:

Nýta sköpun og tjáningu þeirra þar sem að þau fá að njóta sín og taka þátt í skapandi verkefnum. Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli. Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti. Kanna og vinna með margvíslegan efnivið. Nýta fjölbreytta tækni. Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Læra texta og taka þátt í söng. Skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu. Njóta fjölbreyttrar menningar og lista. Taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu. Kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista. *Sjá nánar í aðalnámskrá leikskóla.*

Leikur	Líkamleg umhirða	Útivera og vettvangsferðir	Samverustundir og hópastarf	Matartími	Svefn og hvíld
<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hafa aðgang að fjölbreyttu leikefni til sköpunar. ★ Gott rými er í dagskipulagi fyrir frjálstan leik, t.d. Könnunarleik. ★ Skapandi umhverfi er úti sem inni. ★ Börnin syngja í míkrafón uppáhaldslögin sín, ýmist ein eða með fleirum. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin nota hlífðarföt við myndsköpun. ★ Þau ganga frá og þvo sér að lokinni myndsköpun. ★ Þau aðstoða eftir getu við frágang eftir myndsköpun. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hafa aðgang að náttúrulegum og skapandi efnivið í útivist til að mynda, laufblöð og ber. ★ Þau fara í vettvangsferðir sem bjóða upp í fjölbreytta upplifun í umhverfinu. ★ Vettvangsferðir sem sýna okkur hvaðan vatnið kemur. ★ Farið með börnin að skoða söfn. Dæmi; Hús hákarla Jörundar, Holt, Amtsbókasafnið á Akureyri. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Skapandi og fjölbreyttur efniviður er aðgengilegur í hópastarfi. ★ Börnin hlusta á fjölbreytta tónlist og læra mismunandi lög og texta. Hreyfisöngvar. ★ Þau fá tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína í gegnum myndlist, tónlist, dans eða á annan hátt. ★ Verk barnanna eru sýnileg á deildinni og þau fá tækifæri til að sýna og segja foreldrum sínum frá því sem þau hafa gert. ★ Börnin skoða myndskreytingar í bókum. ★ Börnin fara með verkin sín út í samfélagið þar sem þau eru til sýnis. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Matur er fallega fram borinn. ★ Matur er borinn fram á skapandi og litríkan hátt. ★ Kynntar eru gamlar og nýjar matarhefðir. ★ Þorramatur kynntur á þeim tíma árs. ★ Hvaða grænmeti er ræktað á Íslandi og hvaða grænmeti er ræktað erlendis. ★ Börnin rækta sjálf grænmeti og kartöflur. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Hlustað er á þögnina, rólega tónlist eða annað sem virkar róandi á barnið. ★ Barnið fær léttar strokur yfir bak og/eða fætur þegar það biður um það.

Læsi og samskipti eldri

Í leikskólanum ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum, endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi, tjá sig með fjölbreyttum hætti og ólíkum efnivið, kynnast tungumálinu og möguleikum þess, njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri, þróa læsi í víðum skilningi, öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu, deila skoðunum sínum og hugmyndum, nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar, velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða. *Sjá nánar í aðalnámskrá leikskóla.*

Leikur	Líkamleg umhirða	Útivera og vettvangsferðir	Samverustundir og hópastarf	Matartími	Svefn og hvíld
<ul style="list-style-type: none"> ★ Aðgangur að bókum, texta og bókstöfum sem leikefni er greiður. ★ Stuðlað er að jákvæðum samskiptum við önnur börn og fullorðna og hvatt til samvinnu. ★ Leikefni sem stuðlar að og hvetur til læsis er fjölbreytt. ★ Orð eru sett á athafnir, hugtök og orð æfð í leiknum. ★ Æfum okkur á stöfum og hljóðum í framhaldi af Lubbastund 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Starfsmenn ræða líkamlega umhirðu, hreinlæti og heilbrigði og setja orð á athafnir. ★ Ræðum um hvernig við getum hugsað vel um líkama okkar 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Rætt um nánasta umhverfi, árstíðir, veðurfar o.fl. ★ Það er tekið hlýlega á móti börnunum og þau heilsa og kveðja í upphafi og lok dags. ★ Umhverfisvitund barnanna virkjuð með sögum og frásögnum/útskýringum á staðháttum. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Hlusta á sögur með eða án mynda. ★ Þau læra þulur, og ríma. ★ Unnið er með frásögn og framburð. ★ Börnin kynnast ólíkum tungumálum. ★ Læra krefjandi söngtexta, þulur, ljóð og þjóðsögur. ★ Vinna með texta á mismunandi hátt - gömul orð ★ Verkefni sem hvetja til samskipta og vináttu. ★ Börnin fást við sögugerð, frásögn. ★ Þau taka þátt í og skapa leikrit. ★ Unnið er með munnleg fyrirmæli. ★ Efniviður er varðar læsi er sýnilegur og aðgengilegur. ★ Leikið með orð og hlustun. ★ Lesnar bækur og unnið með innihald þeirra. ★ Lubbi finnur málbein. ★ Þematengdar bækur ★ Dæmisögur og umræður um þær að lestri loknum. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Matartíminn er róleg og notaleg stund. Þar gefst góður tími til samræðna um næringu og almenn viðfangsefni. ★ Stuðst er við lesmál er tengist matseðli, hegðun í matsal o.þ.h. og það er sýnilegt börnunum. ★ Orð eru sett á athafnir. ★ Við ræðum það hvaðan maturinn kemur. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Hlusta á framhaldssögur, leikrit eða rólega tónlist. ★ Lesa bækur fyrir börnin. ★ Slökunartónlist sem þau velja.

Sjálfbærni og vísindi eldri

Í leikskóla á að skapa aðstæður svo að börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir: Umgengni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi, hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun, hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni, nýtingu náttúrunnar, upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga, stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum, lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra, eðli ýmissa krafta og birtingamyndum þeirra í umhverfinu, eiginleikum ýmissa efna og hluta, rými, fjarlægðum og áttum. *Sjá nánar í aðalnámskrá leikskóla.*

Leikur	Líkamleg umhirða	Útivera og vettvangsferðir	Samverustundir og hópastarf	Matartími	Svefn og hvíld
<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hafa aðgang að náttúrulegu leikefni. ★ Unnið er með talningu, flokkun og greiningu forma. ★ Form og stærðfræðileg tákni eru sýnileg í umhverfinu. ★ Börnin eru kynnt fyrir stærðfræðilegum hugtökum og leikefni þar sem unnið er með magn og mælingar. ★ Kubbar eru hluti af leikefninu. ★ Unnið er með einfaldar tilraunir, t.d. ljós og skugga. ★ Verkefni í iPad ásamt verkefnahefti. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Rætt er um pappírs- og sápunotkun. ★ Fræðsla tengd vatni. ★ Fatnaður og hvernig við þurfum að klæða líkama okkar eftir veðri. ★ Við lesum og skoðum bækur um skynfærin og gerum svo tilraun hvernig skynfærin virka. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Að fara í vettvangsferðir á öllum árstímum og nota mismunandi veður til gönguferða. ★ Að virkja börnin til að snerta, sjá, lykta og hlusta á fyrirbæri. ★ Skoða og ræða um plöntur, skordýr, villt dýr og húsdýr. ★ Kenna börnum að tína rusl og flokka ★ Afla efniviðar í vettvangsferðum sem er svo nýttur í t.d. myndsköpun. ★ Athygli er vakin á dýrum og plöntum í náttúrunni og verkefni unnin út frá upplifun úr vettvangsferðum. ★ Fjallað er um og veitt athygli á formum og magnhugtökum í umhverfinu ★ Tengja útiveru við samfélag 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Rætt er um veðrið, árstíðir, dagatalið, klukkuna, tímann, tölur og stærðfræðihugtök. ★ Börnin fræðast um dýr og plöntur. ★ Unnið með heimspeki, vísindi og rökhugsun. ★ Börnin teikna myndir úr ferðunum (sköpun). ★ Rifja upp og ræða við þau um það sem gert var og hvað þau upplifðu í vettvangsferðunum. ★ Skoða bækur sem fjalla um dýr, veðurfar, gróður. ★ Syngja ýmis lög um dýr, plöntur og náttúruna ★ Vinna með fjölbreyttan, náttúrulegan efnivið, tól og tæki. ★ Áhersla er á endurvinnslu og sjálfbærni. ★ Farið er í þrautaleiki þar sem reynir á samvinnu og rökhugsun. ★ Skila endurvinnslunni þangað sem hún á að fara. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Umræða um fjölbreytt fæði, hvaðan fæðan kemur og hvað hún gerir fyrir okkur. ★ Börnin fræðast um flokkun, endurvinnslu og moltugerð. ★ Börnin eru frædd um matarsóun og skammta sér af hófsemi. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hlusta á umhverfi shljóð, náttúruhljóð eða rólega tónlist.

Heilbrigði og vellíðan eldri

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér:

Heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á umhyggju, persónulega umhirðu, holla næringu, fjölbreytta hreyfingu, ögrandi og krefjandi útivist, slökun og hvíld, tilfinningalegt jafnvægi, jákvæð samskipti, félagsleg tengsl. Upplifi öryggi í umhverfinu og treysti því að þörfum þeirra sé mætt.

Sjá nánar í aðalnámskrá leikskóla.

Leikur	Líkamleg umhirða	Útivera og vettvangsferðir	Samverustundir og hópastarf	Matartími	Svefn og hvíld
<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hafa aðgang að krefjandi hreyfivæðum úti og inni. ★ Farið er í leiki bæði frjálsta og skipulagða þar sem reynir á líkamann og samvinnu. ★ Unnið er með slökun, líkamlega og andlega vellíðan. ★ Börnin fara í ferðir þar sem nágreinið er skoðað í gegnum leik og fræðslu. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin eru frædd um gildi hreinlætis, líkamsumhirðu og sýkingavarna. ★ Börnin eru frædd um líkamsvirðingu. ★ Börnin eru frædd um sinn líkama og að hann sé þeirra eign. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin klæða sig sjálf í og úr fyrir og eftir útivist og fá tækifæri til að æfa flóknari færni. ★ Þau hafa tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi og við mismunandi aðstæður. ★ Útivera í öllum veðrum, fer eftir veðri hverju sinni hve löng hún er. ★ Börnin fá tækifæri til að leika sér utan lóðar og fara í gönguferðir. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin taka þátt í hreyfileikjum og dansi þar sem reynir á líkamann. ★ Unnið er með hópverkefni þar sem reynir á fínhreyfingar. ★ Börnin fara í leiki sem bjóða bæði upp á fín- og grófhreyfingar. ★ Í upphafi stundar koma börnin sér fyrir í þægilegri stellingu og slaka á sitjandi á pullum. ★ Yoga - æfingar ★ Slökun 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Rætt er um mismunandi fæðutegundir og hollustu. ★ Matartíminn er róleg stund sem byggir undir vellíðan. ★ Áhersla er á góða borðsiði, tillitsemi, hjálpsemi og samvinnu. ★ Njóta matarins og átta sig á því að einhver hefur lagt vinnu í að búa hann til handa okkur. ★ Þakka fyrir matinn að máltíð lokinni. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin taka þátt í slökun. ★ Þau upplifa vellíðan með vinum sínum. ★ Dýna, lak, koddí og teppi. Boðið er upp á sögu, lesna eða spilaða. ★ Við byrjum hvíldina á því að vera í núinu og finna hve mjúk dýnan er og hve teppið er hlýtt. ★ Finna hve notalegt það er að fara södd í hvíld og fá að hvíla sig.

Sköpun og menning eldri

Í leikskóla eiga börnin að fá rými til að:

Nýta sköpun og tjáningu þeirra þar sem að þau fá að njóta sín og taka þátt í skapandi verkefnum. Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli. Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti. Kanna og vinna með margvíslegan efnivið. Nýta fjölbreytta tækni. Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Læra texta og taka þátt í söng. Skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu. Njóta fjölbreyttrar menningar og lista. Taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu. Kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.

Sjá nánar í aðalnámskrá leikskóla.

Leikur	Líkamleg umhirða	Útivera og vettvangsferðir	Samverustundir og hópastarf	Matartími	Svefn og hvíld
<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hafa aðgang að fjölbreyttu leikefni til sköpunar. ★ Gott rými er í dagskipulagi fyrir frjálstan leik. ★ Skapandi umhverfi er úti sem inni. ★ Lagt er upp úr jákvæðu hugarfari og gleði í leiknum. ★ Börnin fá þjálfun í því að syngja í míkrafón. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin nota hlífðarföt við myndsköpun. ★ Þau ganga frá og þvo sér að lokinni myndsköpun. ★ Reyna að vera meðvituð um að fara vel með efniviðinn svo minna af honum fari á okkur og hlífðarfötin okkar. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin hafa aðgang að náttúrulegum og skapandi efnivið í útivist. ★ Þau fara í vettvangsferðir sem bjóða upp á fjölbreytta upplifun í umhverfinu. ★ Fjöruferðir. ★ Bryggjuferðir. ★ Skoða hús og byggingar. ★ Heimsækja söfn og vinna það áfram. ★ Skoða lífríkið bæði á sjó og landi. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Börnin vinna saman að listsköpun á fjölbreyttan hátt, s.s. myndlist, tónlist eða í annarri tjáningu. ★ Þau fá tækifæri til að skrá, flytja, ræða eða sýna verk sín. ★ Í hópastarfi er til dæmis unnin þemavinna þar sem börnin vinna með viðfangsefnið bæði í einstaklings- eða hóp verkefnum. ★ Börnin hlusta á fjölbreytta tónlist og læra mismunandi lög og texta. ★ Þau skoða myndskreytingar í bókum. ★ Standa upp og segja frá því sem beðið er um, hinir sitja og hlusta á meðan. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Matur er borinn fram á skapandi hátt. ★ Kynntar eru gamlar og nýjar matarhefðir. ★ Ávaxtastund er gjarna notuð til að bjóða upp á eitthvað spennandi, til að mynda “appelsínu talandi” og fleira í þeim túr. 	<ul style="list-style-type: none"> ★ Mismunandi hlustun er í boði; sögur, leikrit, róandi tónlist ofl. ★ Slökun, loka augunum og ímynda sér. ★ Segja frá í upphafi hvíldar hvað þeim finnst notalegt hér og nú.

Matstæki

Að hluta til metur skólinn sjálfur gæði á starfi leikskólans með því að framkvæma innra mat. Með innra mati má betur koma auga á það sem þarfnast umbóta og einnig það sem vel er gert og rennir styrkari stoðum undir starfið og framhald þess. Auk þess eru sendar út kannanir til foreldra og niðurstöður kannana notaðar til áframhaldandi umbóta þegar það á við. Fundir er haldnir á deildinni með börnunum sjálfum þar sem þeim er gefinn kostur á því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Við innra mat er tekið tillit til reglugerða, laga ásamt aðalnámskrá leikskóla. Tvisvar í mánuði funda skólastjóri og starfsfólk leikskóla um málefni deildarinnar og þar koma fram atriði sem þarf að fjalla um hverju sinni.

Annað mat er ytra mat sem framkvæmt er af utanaðkomandi aðila, ýmist á vegum sveitarfélags, ráðuneytis eða annarra aðila.